

**Tillögur og greinargerðir vegna fundar Reykjavíkurráðs ungmenna
með Borgarstjórn Reykjavíkur
28. janúar 2025**

1) Anton Ingi Lárusson, fulltrúi í ungmennaráði Breiðholts

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um frístundastyrk til 20 ára aldurs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að breyta reglum um frístundakort þannig að þær gildi til 20 ára aldurs miðað við fæðingarár. Breytingin skal taka gildi árið 2026.

Greinargerð:

Framlenging frístundastyrks myndi létta líf ungs fólks sem mörg stunda ennþá nám þegar þau eru tvítug. Frístundastyrkur til tvítugs myndi stuðla að aukinni þátttöku í íþróttum og tómstundum hjá nemendum á framhaldsskólaaldri. Algengt er að ungmenni hætti þátttöku í íþróttum og öðrum tómstundum 18 ára og myndi áframhaldandi frístundastyrkur auðvelda þeim að halda áfram. Eftir 18 ára gætu ungmenni fengið að upplifa sjálfstæði við val á því hvernig frístundastyrknum er ráðstafað sem gefur tækifæri á að prófa eitthvað nýtt og eignast nýja ástríðu. Ungmenni þurfa oft að fjármagna líf sitt sjálf eftir 18 ára og neyðast til að forgangsraða öðrum hlutum fram yfir íþróttir og tómstundir. Tómstundaþátttaka vinnur einnig gegn félagslegri einangrun og yrði frístundastyrkur þáttur í því að vinna gegn einmanaleika og vanvirkni meðal ungs fólks í dag.

2) Sóley Mjöll Ásgeirsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Kjalarness

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um að gerð verði úttekt á túlkun grunnskóla í Reykjavík á hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla við lok 10. bekkjar:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að gera úttekt á túlkun grunnskóla í borginni á matsviðmiðum aðalnámskrár við lok 10. bekkjar. Skal úttektin fara fram skólaárið 2026-2027.

Greinargerð:

Borið hefur á óánægju í samfélaginu varðandi einkunnakerfi grunnskóla. Í samtali milli grunnskólanema má augljóslega greina ósamræmi í einkunnagjöf eftir skólum. Dæmi um þetta ósamræmi eru t.d. þær námskröfur sem gerðar eru fyrir einkunnina A á milli grunnskóla. Slíkt ójafnvægi í einkunnagjöf hefur veruleg áhrif á möguleika nemenda til framhaldsnáms og ýtir undir ójöfnuð meðal ungmenna borgarinnar og því nauðsynlegt að gera úttekt og meta hver raunveruleg staða er.

3) Marta Maier, fulltrúi í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um að gera fjármálalæsi að skyldufagi í 8.-10. bekk í Reykjavík:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að gera fjármálalæsi að skyldufagi í öllum 8.-10. bekkjum í grunnskólum í Reykjavík eigi síðar en frá og með hausti 2026.

Greinargerð:

Það er mikilvægt að fjármálalæsi verði sérstök kennslustund og verði kennd í að minnsta kosti 40 mínútur á viku. Með þessu er verið að aðskilja fjármálalæsi frá lífsleikni eða kenna það sem valfag. Tilgangur tillögunnar er að gefa ungmennum jöfn tækifæri á námi í fjármálalæsi óháð grunnskóla þeirra en fjármálalæsi er nauðsynlegur hluti af menntun ungmenna í nútímasamfélagi.

4) *Sverrir Logi Róbertsson, fulltrúi í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða*

Tillaga fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Bústaða og Háaleitis um bætt aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda í Skeifunni:

Lagt er til að borgarstjórn feli umhverfis- og skipulagsráði að bæta aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda í Skeifunni og að umbætur hefjist eigi síðar en vorið 2026.

Greinargerð:

Ungmennaráð Laugardals, Bústaða og Háaleitis leggur til að umhverfis- og skipulagsráð beiti sér fyrir því að rýna í deiliskipulag Skeifunnar og betrubæta göngu- og hjólaleiðir. Þetta svæði er afar mikilvægt fyrir öll sem eiga leið hjá en þó einkum fyrir ungmenni sem sækja skóla í kringum þetta svæði. Tilgangurinn er þ.a.l. að tryggja öryggi ungmenna í hverfinu. Ákveðin svæði innan Skeifunnar eru jafnan ófær fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Laga þarf gangstéttir og aðgengi með tilliti til þessa hóps og hefja úrbætur eigi síðar en vorið 2026.

5) *Ragnheiður Ósk Kjartansdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Grafarvogs*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs um að frítt verði í strætó fyrir 18 ára og yngri á höfuðborgarsvæðinu:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að beina því til stjórnar Strætó bs. að það verði frítt í strætó fyrir 18 ára og yngri á höfuðborgarsvæðinu frá og með 1. janúar 2027.

Greinargerð:

Það að hafa gjaldfrjálst í strætó fyrir 18 ára og yngri stuðlar að auknum jöfnuðu þar sem allir unglingar óháð efnahag hefðu aðgang að almenningssamgöngum. Þetta myndi auðvelda ungmennum að nýta almenningssamgöngur og því meiri aðgangur að strætó, því auðveldara verður að nýta félagsleg og menntunarleg tækifæri.

6) *Magnea Þórey Guðlaugsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Árbæjar og Holta*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um aukið samstarf grunn- og framhaldsskóla vegna framhaldsskólakynninga:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að finna leiðir til að auka samstarf grunn- og framhaldsskóla í Reykjavík vegna framhaldsskólakynninga fyrir 10. bekkjara og hvetji til þess að stóra framhaldsskólakynningin verði haldin árlega að hausti til.

Greinargerð:

Lagt er til að samþykkt verði að auka samstarf grunn- og framhaldsskóla þegar kemur að framhaldsskólakynningum fyrir nemendur 10. bekkjar. Nemendur í 10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur eru margir ósáttir með takmarkað framboð framhaldsskólakynninga og leggja til að nýtsamleg framhaldsskólakynning verði haldin árlega héðan í frá að hausti til fremur en að vori annað hvert ár.

7) *Ragnheiður Andrésdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um lífsleikni sem sérstaka námsgrein og samræmdar áherslur og kennsluáferðir:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að festa lífsleiknikennslu í grunnskólum borgarinnar í sessi sem sérstaka námsgrein og samræma áherslur og kennsluaðferðir milli grunnskóla í borginni. Miða skal við að unnið verði að samþykktinni skólaárið 2025-2026.

Greinargerð:

Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða leggur til að skóla- og frístundaráð beiti sér fyrir því að sett verði skýr viðmið um lífsleiknikennslu í grunnskólum borgarinnar og að þau viðmið séu þau sömu í öllum skólum borgarinnar. Viðmið þessi skulu ákveðin í samráði við ungmennin í borginni og lögð áhersla á fræðslu um fjölbreytileikann, fordóma, geðheilbrigði, kynbundið ofbeldi, kynfræðslu, samskipti og önnur þau málefni sem ungmönnum finnst mikilvægust hverju sinni.

8) Ísgerður Esja Nóadóttir, fulltrúi í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að húsnæði félagsmiðstöðva samræmist viðmiðum og stefnum Reykjavíkurborgar:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að beita sér fyrir því að allar félagsmiðstöðvar hafi til umráða húsnæði og búnað til að halda úti faglegu félagsmiðstöðvastarfi í samræmi við viðmið og stefnur Reykjavíkurborgar eigi síðar en haustið 2028.

Greinargerð:

Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða leggur til að hver félagsmiðstöð hafi húsnæði til að taka á móti allavega helmingi nemenda á unglíngastigi og miðstigi skólans á sama tíma. Við leggjum þetta til því húsnæði sumra félagsmiðstöðva er komið að þolmörkum og margir unglíngar velja að mæta ekki á opnanir vegna þrengsla og of mikils áreitis og hávaða. Það þarf að tryggja það að félagsmiðstöðvar hafi í það minnsta tvö til þrjú góð rými til umráða sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í faglegu starfi félagsmiðstöðva og grunnbúnað til að gæta jafnræðis þvert á hverfi borgarinnar.